

SAMPYKKT  
um meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

*Almenn ákvæði.*

Meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Hreppsnefnd ber ábyrgð á úrgangsmálum fyrir hönd Vopnafjarðarrepps og samskiptum við þá aðila sem þeim viðfangsefnum tengjast.

Hreppsnefnd er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar, rekstur söfnunarstöðva og móttökustöðvar. Hver sá sem tekur verkefnin að sér skal hafa starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands eða Umhverfisstofnun eftir því sem við á.

Hreppsnefnd, í samráði við Heilbrigðisnefnd Austurlands og framkvæmdaraðila/verktaka, ber ábyrgð á því að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

2. gr.

*Söfnun á blönduðum heimilisúrgangi.*

Hreppsnefnd Vopnafjarðarrepps gefur út og birtir reglur um hversu oft sorprehreinsun fer fram, að höfðu samráði við Heilbrigðisnefnd Austurlands og framkvæmdaraðila/verktaka.

Húsráðendum íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem hreppsnefnd Vopnafjarðarrepps ákveður en Vopnafjarðarreppur útvegar, til kaups, ílát fyrir almennan heimilisúrgang til notkunar við íbúðarhúsnæði og undir kaffistofuúrgang við fyrirtæki.

Gæta skal þess að fylla ekki ílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjöldað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst.

Í dreifsbýli er heimilt í samráði við Heilbrigðisnefnd Austurlands að setja upp ílát fyrir úrgang í alfaraleið í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning íláts skal vera þannig að aðgengi að því sé gott. Í ílátin má eingöngu setja heimilisúrgang.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum og fjörum í Vopnafjarðarhreppi. Sama á við númerslausrar bifreiðar, bíflök, vélar og sambærilega hluti.

3. gr.

*Flokkun úrgangs.*

Í ílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni og brotajárn í sorpílát. Jarðvegsefnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal komið á sérmerkta losunarstaði. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað til söfnunarstöðvar (gámaðallar). Timbur, brotamál, rafmagns- og rafeindataekí og annan grófan úrgang er óheimilt að setja í ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang. Framangreindum úrgangi skal skilað til söfnunarstöðvar eða til brotamálmsfyrirtækja sem hafa starfsleyfi til móttöku á brotamálmi. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða ílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um hirðu framleiðsluúrgangs. Frágangur og umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og samkvæmt reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Staðsetning sorpgáma vegna framleiðsluúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir hreppsnefndar þar um eða ákvæði deiliskipulags.

4. gr.

*Sorpgeymslur.*

Ganga skal þannig frá ílátum fyrir úrgang og sorpgeymslum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þau hreinsuð reglulega. Sorpgeymslu má eingöngu nota til geymslu úrgangs. Sorpgeymslur skulu vera á jarðhæð og standa sem næst aðkomu að lóð. Halda skal greiðfærri leið að sorpgeymslum og sorpílátum og hreinsa burt snjó á vetrum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorpílátum til losunar. Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

5. gr.

*Söfnunarstöð úrgangs og gámaðvöllur.*

Í þéttbýliskjarnanum á Vopnafirði er söfnunarstöð fyrir flokkaðan úrgang (gámaðvöllurinn). Á söfnunarstöð er tekið á móti flokkuðum úrgangi til endurnýtingar og/eða endurvinnslu frá heimilum og minni fyrirtækjum samkvæmt gjaldskrá Vopnafjarðarhrepps hverju sinni. Heimilt er að koma með allt að 0,5 rúmmetra í einu af venjulegum heimilisúrgangi án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Óheimilt er að losa annan úrgang á söfnunarstöðvum en þá flokka sem tilgreindir eru með merkingum á söfnunarstöð.

Á móttökustöð, þ.m.t. urðunarstað, eiga hvorki einstaklingar né fyrirtæki að fara nema í fylgd rekrstraraðila eða starfsmanna hans. Um afhendingu slíks úrgangs gildir gjaldskrá Vopnafjarðarhrepps.

6. gr.

*Gjaldtaka.*

Vopnafjarðarhreppur innheimtir gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarfélaginu heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal ákveðið og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Gjöld fyrir hirðu og förgun úrgangs innheimtast með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sorphirðugjöld sem greiðast eftir vigt eða rúmmáli eru innheimt sérstaklega til samræmis við gjaldskrá Vopnafjarðarhrepps á hverjum tíma. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

7. gr.

*Viðurlög.*

Með brot á samþykkt þessari skal farið skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 40. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

8. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 164/1995 um sorphirðu hjá Vopnafjarðarhreppi.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. apríl 2011*

F. h. r.,

*Guðrún Þórsson  
Inga Þórsson*